Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
01 FEB. 2017
Byggingarfulltrúi




Snið A–A
Mkv. 1:50

**Skráningartafla:** Rauðaberg (Eystra-Geldingaholt 5)
**Landnúmer:** 194376
**Matshlutanúmer:** 01
Útgáfa: 4.01b
**Skrásetjari:** Atli J. Hauksson
**Kennitala:** 300752-4389
**Dags.:** 8.3.2017

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 106,0 | 13,2 | 0,8 | 0,0 | 119,2 | 10,7 | | | 366,5 | 103,5 | 108,5 | | 294,378 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 21,2 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 106,0 | 13,2 | 0,8 | 0,0 | 119,2 | 10,7 | | | 345,3 | 103,5 | 108,5 | | |
| A | 0101 | **Sumarbústaður** | N | 0101 | 106,0 | | 0,8 | | 106,0 | | 2,42 | 5,04 | 345,3 | 90,3 | 106,0 | 3,26 | 294,378 |
| A | 0102 | **Svefnloft** | N | 0101 | | 13,2 | | | 13,2 | 10,7 | 0,35 | 2,62 | | 13,2 | 2,5 | | |
| C | 0103 | **Verönd** | U | 0101 | 43,5 | | | | 43,5 | | | | | | | | |

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Sumarbústaður** | 108,5 | 294,378 | 294,378 |
| | **Alls** | 108,5 | 294,378 | 294,378 |

BYGGINGARLÝSING:

Undirstöður og gólf:
Húsið er byggt úr timbri og hvílir á steyptum súlum. Dregarar eru fjórir. Tveir bitar 50 x 150 eru boltaðir saman og sitja á fjórum súlum, Ø280 mm í þvermál. Festing með M16 snitteinum, skinnum og róm. Dregarar tengjast einnig dregurum í eldra húsi. Súlur eru sautján alls. Gólfbitar eru 50 x 150 með 600 mm bili. Festing við dregara með þakásankerum, gaffalankerum og tilheyrandi neglingu. Lokun við neðri brún bita er stálnet og þar yfir vindlokun með tjörutexi. Einangrun í gólfi er 150 mm steinull. þar yfir er þolplast til rakavarnar en gólfið er klætt með 22 mm rakavörðum spónaplötum. þar ofan á er flísalögn.

Hliðarveggir (austur – vestur) og gluggar:
Veggjagrindur eru úr alhefluðu timbri í styrkleikaflokki T–1, 45 x 120 mm með 600 mm millibili. þar sem hurð eða gluggi skerðir stoðakerfið er bætt við aukastoð beggja megin við hurð eða glugga. Festing við gólfbita með gaffalankerum, vinklum, snitteinum og neglingu, skinnum og róm. Grind er klædd að utan með 12 mm grenikrossvið sem neglist við veggjagindur og gólfbita. þá er sett 21 mm lóðrétt loftunargrind c/c 600 og yst harðviðarklæðning. Hliðarveggir eru einangraðir með 120 mm þilull. þar fyrir innan er þolplast til rakavarnar. Lagnagrind er 28 x 45 mm fura og er klætt á hana með furu panil, 15 x 120 mm. Gluggakarmar eru trégluggar af viðurkenndri gerð. Allir gluggar eru með tvöföldu verksmiðjugleri og eru opnanleg fög á baði og svegnherbergi. Einnig er útihurð úr svefnherbergi á austurhlið. Frágangur við glugga er úr timbri, utan og innan.

Gaflveggir (norður – suður):
Gaflveggir eru byggðir úr sams konar efni og hliðarveggir. Útihurð til suðurs úr baðherbergi er sömu gerðar og úr svefnherbergi. Norðurveggur er klæddur með liggjandi bárustáli og suðurveggur með harðviðarklæðningu.

þak:
þaksperrur eru 45 x 220 mm með 600 mm bili, í styrkleikaflokki T–3. Sperrur festast við veggjagrindur með gaffalannkerum, vinklum og tilheyrandi neglingu, boltum, skinnum og róm. Einangrun er 180 mm þakull og yfir henni 20 mm loftbil og 22 mm krossviðarklæðning yfir. þakefni er tvöfaldur bræðslupappi af viðurkenndri gerð. Skyggni er með austur og vesturveggjum, breidd 300 mm. þakniðurföll eru tekin í gegnum skyggnið. Inni er þolplast til rakavarnar undir sperrum og þar undir 28 mm raflagnagrind og furupanill eins og á veggjum. Loftun er um þakskegg austan og vestan.

Litir og umhverfi:
Hliðarveggir og suðurgafl að utan eru rauð–brúnir en gaflveggur svartur. Gluggar eru svartir að utan en viðarlitir inni. þak er svart. Litir inni eru að mestu ljósir viðarlitir. Viðarpallur er austan við hús.

Annað:
Vatn fyrir bað og frárennsli tengjast kerfum fyrir eldra hús. Hiti er í gólfi.


ÚTI INNI
ARKITEKTAR
Jón Þór Þorvaldsson AÍ, FSSA
Kt. 021256 7579


## RAUÐABERG (Eystra-Geldingaholt 5)
### Skógræktarland - sumarhús
### Viðbygging. Lóðrétt snið og skráningartafla

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kvarði: | 1:100, 1:50 | Flokkur: | B | Teikn nr: | R-22-2 |
| Dags: | 08.03.2017 | Verknr: | 17-01 | Hannað: | JÞÞ/AH |
| Breyting: | | | | Teiknað: | JÞÞ/AH |


Jón Þór Þorvaldsson. ÚTI-INNI Arkitektar, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Atli Hauksson byggingartæknifræðingur 300752-4389
Hauntungu 107 - 200 Kópavogur - Sími: 861 7969, atli@hnit.is


SAMÞYKKT: